

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.*

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

*Sighvatur Björgvinsson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 73 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

## 1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 73/1979) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

## I.

Hafi fyrir 16. september verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir þann dag, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 111/1976, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

## II.

Af vörum, söluskattskyldum við tollafgreiðslu sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 16. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 gilti frá og með 16. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

## III.

Vegna septembermánaðar 1979 skulu framteljendur skila tveimur söluskattskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 15. september en hinni vegna söluskattskyldrar starfsemi frá og með 16. september og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabíla, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

*Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.*

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

*Síghvatur Björquinsson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða  
Vinnuveitendasambands Íslands.

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

**gjöra kunnugt:** Forsætisráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að Alþingi hafi verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla þar um bráðabirgðalög nr. 70 19. júní 1979, um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands, sem biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið, beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis, sem geti komið til staðfestingar á Alþingi, þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

## 1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.